



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SJÓLDUR OG SKÍNANDI RÓÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

Verkefni sveitarstjóra

Tímabil: júní 2024

Helstu verkefni:

Verkefni í undirbúningi:

- Sameiningarviðræður sveitarfélaga

Verkefni í vinnslu:

Verkefnum lokið:

- Vikulegir fundur Strandanefndarinnar (miðvikudögum)
- Fundur vegna Oson og frístundastarfs, 3.6
- Undirbúningur réttarsmíði í Kollafirði, 3.6
- Samráðsfundur með verkefnastjóra VERKÍS, 3.6
- Brunavarnir, samráðsfundur 4.6.
- Fundur fræðslunefndar 6.6
- Fundur með undirbúningshópi vegna fjölskylduskemmtunar, 6.6
- Fundur vegna fyrirpurnar um lóð á Skeiði, 9.6
- Samskipti vð lögfræðing sveitarfélagsins, 9.6
- Fundur með verktaka raðhúss í Víkurtúni, 12.6
- Fundur teymi skólamála, (skólastjóri og fulltrúi Ásgarðs), 13.6
- Fundur vegna réttarsmíði í Kollafirði, 24.6.

Önnur verkefni samkvæmt bókunum sveitarstjórnar frá fyrri fundum, sem ekki er getið hér að framan:

- Unnið úr verkefnum frá síðasta sveitarstjórnarfundum
- Mikið um samskipti vegna endurgerðar grunnskólans

Að auki eru fjölmörg símtöl og skrifleg og bein samskipti við einstaklinga og fyrirtæki.

NB: Vinna í júní markaðist af veikindum sveitarstjóra og því er mun minna skráð en ella.

Reykjavík 08.07.24

Þorgeir Pálsson, sveitarstjóri

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS

Minnispunktur varðandi **sameiningar sveitarfélaga**

- Svo virðist sem aukin áhersla sé nú lögð á það af hálfu stjórnvalda, að sveitarfélög taki upp vinnu við eða umræðu um sameiningar sveitarfélaga
- Má þar benda á bréf sem innviðaráðuneyti sendi á Reykhólahrepp, þar sem ráðuneytið þrýstir á umræðu um sameiningarkosti
- Slóð á umfjöllun í bb.is: <https://www.bb.is/2024/06/innvidaraduneyti-thrystir-a-sameiningu-sveitarfelaga/>
- Í Strandanefndinni má einnig finna þennan aukna þrýsting stjórnvalda
- Það hlýtur því að koma að því, fyrr en síðar, að sveitarstjórn móti með sér skýra stefnu Strandabyggðar í sameiningarmálum
- Sú stefna eða afstaða Strandabyggðar þarf að taka tillit til sérstöðu sveitarfélagsins, framtíðarsýnar sveitarstjórnar m.t.t. atvinnumála, samfélagsmála og innviða og eins þurfa kröfur Strandabyggðar til stjórnvalda að vera skýrar.

Minnispunktur varðandi **réttarsmíði í Kollafirði**

- Sveitarstjórn hafði ákveðið að fara í réttarsmíði í Kollafirði
- Var í upphadi gert ráð fyrir kr. 3 milljónum í fjárhagsáætlun, en sú tala hækkuð í 4,5 milljónir, í ljósi kostnaðar við aðrar, nýlegar réttir
- Auglýst var eftir tilboðum í réttarsmíðina á heimasíðu sveitfélagsins 10.6 s.l.
- Eitt tilboð barst, sem var verulega utan kostnaðarramma
- Haldinn var fundur með tilboðsgjafa og öðrum hlutaðeigandi og náðiðst þar skýrari mynd af eðli þeirrar réttar sem þarf að byggja í Kollafirði
- Var tilboðsgjafa boðið að gera annað tilboð og var því svarað með nokkurð ítarlegum spurningum, sumum hverjum utan við þann ramma sem réttarsmíðin nær til, að mati oddvita. Þeim spurningum hefur ekki verið svarað efnislega af hálfu sveitarfélagsins, en málið er hjá sveitarstjórn.

Minnispunktur vegna vinnu **Strandanefndar**

- Sótt hefur verið um skilafrest
- Ekki er gert ráð fyrir neinum fundum í júlí
- Búð er að gera lokadrög að greinargerð og tillögum og verið er að kynna þetta skjal í ráðuneytum
- Gert er ráð fyrir að þetta fari fyrir ríkisstjórn á haustdögum.

8.7.24- Þorgeir Pálsson

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS